

134. fundur skráningarráðs haldinn 2. mars 2023 kl. 9:00-11:00 í kennslustofu Landskerfis bókasafna.

Mættar voru: Helga Kristín Gunnarsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lá ekki fyrir
2. Notendanöfn skrásetjara
Listi yfir notendanöfn skrásetjara sem síðast var yfirfarinn 2019 er úreltur og þarfnast uppfærslu. Til að hægt sé að sinna gæðaeftirliti er nauðsynlegt að geta séð hver skráir færslu, nú er aðeins hægt að sjá kennitölu viðkomandi og erfitt að finna út hver á í hlut. Sigrún athugar hvort hægt er að draga út lista yfir skrásetjara með heimild 40.
3. Skemmri skráning
Nokkuð er um að söfnin tengi eintök við skemmri skráðar færslur þó þau hafi á að skipa reyndum skrásetjurum. Skráning í Gegni er samvinnuverkefni og ekki gott að skrásetjarar skjóti sér undan þeirri ábyrgð að taka þátt.
4. Flettileit
Hallfríður hafði sent út leiðbeiningar um hvernig hægt er að leita eftir flokkstölum í flettileit. Í fellilista yfir það sem hægt er að leita eftir er að finna Dewey decimal classification en ekki augljóst við fyrstu sýn að hægt sé að leita eftir danska Dewey. Hann er að finna undir Umsjónarmaður skjalaflokkunar eða á ensku Superintendent of Documents classification, augljóst að það þarf að vinna í þýðingum.
5. Greiniskráning
Það þarf að finna leið til að greinifærslur séu aldrei skráðar nema einu sinni þó þær eigi margar mömmur. Þannig verði t.d. bara ein færsla fyrir lag hvort sem það er að finna á hljómplötu eða geisladiski.
6. Rætt um lítil söfn sem ekki hafa skrásetjara, bent á skráningarþjónustu Landsbókasafns.
7. Prentstaðir
Skylduskiladeild Landsbókasafns hefur óskað eftir að skrásetjarar skrái prentstað íslenskra bóka sem prentaðar eru erlendis. Það auðveldar þeim að kalla eftir þeim ef þær berast ekki með hefðbundnum hætti. Hallfríður athugar betur hverjar þarfirnar eru.
8. Finna þarf leið til að auðvela litlum söfnum sem hafa ekki skrásetjara að búa til forðafærslur, tillaga kom frá Landskerfi um að setja xxx í 082 svið ef það svið inniheldur ekki flokkstölu. Ekki góð leið, þarf að skoða betur.
9. Það er nauðsynlegt að vinna í þýðingum sbr. lið 4, margt óskiljanlegt.